

Byrjun í hekli

Greinargerð með kennsluheftinu „Byrjun í hekli“

Unndís Ósk Gunnarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennarafræðum

Leiðsögukenari: Sigrún Guðmundsdóttir

Grunnskólakennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Apríl 2011

Byrjun í hekli.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs við grunnskólakennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011 Unndís Ósk Gunnarsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Prentmet Suðurlands ehf.

Selfoss, Ísland 2011.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Um verkefnið.....	5
2.1 Hugmyndin.....	5
2.2. Markmiðin.....	5
3. Hekl fyrr og nú	7
3.1. Aðeins um hekl	7
3.2. Uppruni hekl	7
3.3. Hekl á Íslandi	8
3.4. Hekl í námskrám	9
4. Kenningar og kennsluaðferðir í textílmenntum.....	10
4.1 Kennsluaðferðir.....	10
4.1.1. Fyrirlestrar.....	11
4.1.2. Sýnikennsla.....	11
4.1.3. Að kenna hekl.....	12
4.2. Kenningar	12
4.2.1. Sir Ken Robinson	13
4.2.2. John Dewey	14
5. Tenging við kennsluheftið <i>Byrjun í hekli</i>	15
6. Lokaorð.....	16
Heimildir	17

1. Inngangur

Góð kennsla byggist fyrst og fremst á kennaranum sjálfum. Kennarinn þarf að vera undirbúinn, áhugasamur og hafa góða kunnáttu í því sem kenna á. Fagmennska kennarans á að vera í fyrirrúmi en það er aðeins þannig sem kennslan nær settum markmiðum. Mikið hefur verið gefið út af efni sem styðja á kennara í starfi og má þar nefna að Menntamálaráðuneytið gefur út *Aðalnámskrá grunnskóla* reglulega, en þar eru markmiðum námsgreina gerð skil. Textílmennt á sinn kafla í námskránni og eru þar sett fram þrepamarkmið til leiðbeiningar fyrir textílkennara. Þrátt fyrir að textílkennsla hafi viðhafst í skólum landsins um langan tíma þá er lítið til af námsefni sem styður við kennsluna. Textílkennari stendur mikið til einn í starfi sínu og búast má við að þess konar kennarar séu ávallt „að finna upp hjólið“ ef að það má svo að orði komast. Þó fellst líka kostur í námsefnisskortri textílgreinarinnar, þessi skortur ýtir undir skapandi vinnu kennarans. Kennarinn þarf að skapa sitt eigið kennsluefni og fær frjálsar hendur til þess. Með því að virkja skapandi hugsun hjá kennaranum verður til kennsluefni sem er sér sniðið að þörfum kennarans, því vitað er að enginn kennari kennir eins, og svo hins vegar að þörfum nemandans.

Þetta verkefni er hugsað sem kennslugagn fyrir byrjendur í hekli en vonandi geta allir sem vilja nema eða kenna hekl nýtt sér það. Hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar ég sótti vettvangsnám haustið 2010. Hugmyndin hefur þróast og breyst mikið frá upphafi og er nú orðin að kennsluhefti í hekli fyrir byrjendur.

Greinargerðin skiptist í fimm kafla og fjallar kafla 2 um verkefnið, hvaðan það kemur og hvert sé markmiðið með því. Stuðst er við markmið textílmennta í *Aðalnámskráar* sem og litið yfir lög um grunnskóla. Í kafla 3 er almennt farið yfir hekl. Stiklað er á stóru í sögu heklis héraðs og erlendis sem og tenging heklis inn í námskrár frá upphafi rakin. Kafla 4 fjallar um kenningar og kennsluaðferðir sem eiga heima í textílkennslunni en á eftir umfjöllun um kennsluaðferðirnar fyrirlestra og sýnikennslu er farið yfir námskenningar John Deweys og Sir Ken Robinsons, en báðir leggja áherslu á mikilvægi verklegarar kennslu og skapandi hugsunar í grunnskólum. Tenging fræðanna við kennslu í hekli fær einnig sinn undirkafla en það má segja að það sé samantekt fræðilegahluta verkefnisins. Í lokaorðum er svo tekin saman heildar mynd af verkefninu. Meðfylgjandi í öðru

skjali er svo kennsluheftið *Byrjun í hekli*. En þar er kennsla í hekli sem byggist á ljósmyndum úr bókinni *Teach Yourself Visually Crocheting* en ljósmyndirnar í heftinu eru afritaðar úr henni. Allar ljósmyndirnar voru teknar af mér sem og kennsluleiðbeiningarnar sem unnar voru samhliða myndunum. Vonandi mun þessi greinargerð varpa ljósi á mikilvægi þess að kenna hekl í grunnskólum sem og mikilvægi sköpunar á kennslugögnum í hekli.

2. Um verkefnið

2.1 Hugmyndin

Hugmyndin að kennsluefni í hekli kviknaði þegar ég var í æfingarkennslu í textílmenntum vorið 2010. Ég lærði mikið um hvernig kenna á hekl og fannst vanta kennslugögn til að styðjast við í kennslunni. Ég stefndi á upphaflega að gera kennsluleiðbeiningar fyrir kennara en fannst það ekki þjóna nútíma skólakerfi þar sem lagt er upp með að nemendur geti unnið að sjálfstætt að verkefnum sínum. Sumarið 2010 fór ég að prufa mig áfram með hekl. Um haustið byrjaði ég að safna heimildum og útbúa grunn að kennsluleiðbeiningum. Eftir fundi með leiðsagnarkennaranum mínum var komin hugmynd um hefti sem myndi kenna aðferðir, ýta undir sköpun og henta öllum byrjendum í hekli.

2.2. Markmiðin

Flestir þekkja tilfininguna sem kemur þegar ákveðnu verkefni er lokið. Ánægja og víska um eigin getu hellist oft yfir og maður finnur óendanlegt stollt og væntumþykju færast yfir verkið sem unnið var að. Þessar stórfenglegu tilfiningar eru nauðsynlegar einstaklingnum til að auka sjálfsímynd sína og læra að meta eigin verðleika. Í Aðalnámsskrá grunnskóla frá 2007 segir í inngangi að textílmenntum að „Textílmennt sé ríkur þáttur í félagslegum veruleika þjóðarinnar. Með hannyrðum skapar fólk sér persónulegann stíl, setur svip a heimili sitt og nánasta umhverfi, gleður sig og sína nánustu með því að skapa hluti sem hafa persónulegt gildi.“ (Menntamálaráðuneytið, 2007). Ásamt því að byggja upp sjálfsmynd nemandans ætti markmiðið með kennslunni að ýta undir skapandi hugsun og sjálfstæði nemandans. Skapandi hugsun er ekki eingöngu bundin í kennslu á list og verkgreinum heldur getur hún náð yfir allt það sem

maðurinn tekur sér fyrir hendi. Sú iðn að hekla hefur einnig annan kost að bera en það er tengingin við líkamlegan þroska einstaklings. Lengi hefur verið vitað að textílmennit ýti undir þroska á fínhyringum og samhæfingu augna og handa, sem er mikilvægur undirbúningur undir lestur og skrift. En einnig má sjá að hekl þjálfar stærðfræðigreindina þar sem að nauðsynlegt er að telja lykkjufjölda við útaukningar og úrtökur, deila lykkjum niður og reikna út stærðir á því sem hekla skal og svo mætti lengi nefna tengingu við stærðfræðigreinar. Tilvalið er því að þjálfna þessa þætti hjá börnum á grunnskólaaldri með því að kenna þeim að hekla.

Í 2. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir að „Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.“ Markmiðið með því að útbúa kennsluleiðbeiningar í hekli er að auðvelda kennsluna, kenna rétt handtök og gefa nemandanum verkunnáttu sem hann getur svo nýtt sér til skapandi verka. Kennsluheftið er aðeins grunnurinn að kennslunni en svo er hægt að fara óteljandi leiðir í verkefnasköpuninni allt eftir því hvað kennarinn vill kalla fram í nemendum. Í listgreinahluta aðalnámskrár grunnskólanna segir að „Við skipulagningu textílnáms skal byggja á eftirfarandi atriðum:

- *Unnið skal út frá forsendum nemandans, þroska hans, áhuga og þörfum þannig að hann læri að nýta textílnámið til að skilgreina og uppfylla eigin þarfir.*
- *Nemandinn fái þjálfun í að móta hugmyndir og fylgja ferlinu frá hugmynd að fullunnu verki.*
- *Nemandinn venjist sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum.“*

(Menntamálaráðuneytið, 2007)

Með því að skipuleggja góða kennslu í hekli er hægt að nálgast þessi markmið aðalnámskrár. Ingvar Sigurgeirsson segir í bók sinni *Litróf kennsluáðferðanna* (1999) að í góðri verklegri kennslu sé ekki eingöngu verið að kenna ákveðin vinnubrögð, heldur sé verið að efla skilning á efni og efnismeðferð, á þýðingu mismunandi vinnubragða og á sögu þess. Hann talar um að kennslan miðist út frá því að þroska hjá nemandanum skapandi hugsun, sjálfstæði og jákvæð viðhorf (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 86-87). Hekl er aðeins aðferð til að binda saman þræði en þrátt fyrir það þá er það frábær grunnur til að byggja áframhaldandi

textílkennslu á. Hægt er að nýta hekl með öðrum aðferðum textílgreinarinnar eða eitt og sér. Hekl er einnig einfalt í framkvæmd getur verið ódýrt í framkvæmd nú á tímum aðhalds og sparnaðar. Ekki má heldur gleyma því að heklað hefur verið hér á landi í yfir eitt hundrað ár og þótt það sé ekki langur tími í sögu Íslendinga þá er það samt sem áður verðmætur hluti af textílsögu okkar og því er það mikilvægt fyrir kennara að halda þekkingunni við svo að hún glattist ekki í hraða nútímans.

3. Hekl fyrr og nú

3.1. Aðeins um hekl

Hekl hefur verið til í þeirri mynd sem við þekkjum frá því á 19. öld og hefur það verið kennt hér á landi frá því 1851. Talið er að það hafi borist til Evrópu frá Ausurlöndum og þaðan frá Norðurlöndunum til Íslands (Elsa E. Guðjónsson, 1997). Hekl hefur lítið sem ekkert breyst frá því það kom til landsins en það býður upp á marga möguleika í kennslu. Það er auðvelt að leika sér að prófa fjölbreytta þræði, áferðir, form og litasamsetningu þegar heklað er og því er það mjög góð leið til að kveikja á sköpunargáfunni. Einfalt er að útbúa hluti sem eru persónulegir og hæfa kröfum hvers og eins. Heklaðir munir eru til á flestum heimilum og þykja mikil þrýði. Algengir heklaðir munir eru milliverk í vöggusetnum, heklaðir dúkar og alls kyns flíkur svo sem húfur, vetlingar og skírnarkjólur. Þessir munir hafa oft persónulegt gildi fyrir eigandann og ganga slíkir munir stundum í erfðir innan fjölskyldna. Fátt vekur meiri kátínu hjá nemendum en að færa heim verkefni sem lokið er og sjá þegar það öðlast sitt hlutverk á heimilinu. Hvort sem nytja hlutur eða eingöngu til að fegra og þrýða skiptir ekki máli, það sem skiptir máli er tilfinningin sem nemandinn öðlast við að sjá getu sína og það er þessi tilfinning sem gefur manninum tilgang til að lifa.

3.2. Uppruni heklis

Anne Luise Potter segir í bók sinni *A Living Mystery: The International Art & History of Crochet*, að hekl sé í raun jafn gamalt manninum sjálfum, kannski ekki í þeirri mynd sem við þekkjum í dag, en aðferðin að draga þráð í gegnum lykkju, sé æfa gömul iðn sem ekki sé hægt að rekja beint og kallar hún þessa ágreininga um

uppruna heklisins „lifandi ráðgátu“ eða „a living mystery“. Potter telur að hekl eins og við þekkjum það í dag hafi þróast á 16. öld og þá í nunnu klaustrum á Írlandi (Potter, 1990). Lis Paludan er ein þeirra sem hefur rannskað uppruna heklisins en því miður var ekki hægt að nálgast bók hennar um sögu og tækni heklisins. Dania Taimina vísar í rannsóknir Paludan um uppruna heklisins í bók sinni *Crocheting Adventures with Hyperbolic Plane* en þar er sagt frá því að Paludan hafi ekki fundið neinar heimildir um hekl eins og við þekkjum það í dag, í Vestur Evrópu fyrr en eftir árið 1800. Hún telur það líklegt að hekl sé upprunnið í tvennskönar ólíku umhverfi, annars vegar í Norð- og suðaustur Evrópu þar sem kuldi og fátækt réð ríkjum og hins vegar í hinni ríku Vestur Evrópu þar sem að heklið leysti af dýrar og tímafrekar aðferðir við að útbúa blúndu (*lacework*). En þar sem fátæktin réð ríkjum eru heimildirnar að mestu vettlingar sem heklaðir voru úr fábrotu garni með það eitt í huga að halda hlýju. Hekl virðist því ekki hafa náð fótfestu fyrr en á 19. öld en eftir það er eins og það hafi náð að festa rætur og þróast í það hekl sem við þekkjum í dag. Hekl er orðið útbreitt um allan heim í dag og fara vinsældir þess vaxandi. Heilu hekl samfélögin eru orðin til í netheimum þar sem „heklarar“ allstaðar að úr heiminum deila saman kunnáttu og uppskiftum af hekli. Það má því segja að hekl eigi orðið sitt sæti í samfélagi nútímans og mikilvægt er að vilðhalda þekkinguni við svo að hún týnist ekki eða gleymist í samfélagi sem stöðugt tekur breytingum.

3.3. Hekl á Íslandi

Ekki virðast vera neinar heimildir til um hekl á Íslandi fyrr en um miðja 19. öld og þá í tengslum við skólalald í Reykjavík. Fyrstu heimildirnar eru ritaðar í endurminningum Önnu L. Thoroddsen en elsta systir hennar gekk í skóla sem rekin var af Ágústu og Þóru Grímsdætrum, seinna Þóru Melsted stofnanda Kvennaskólans í Reykjavík. Skólinn var stofnaður af Ágústu 1851 en rekin af Ágústu og Þóru í aðeins eitt ár. Skólinn kenndi stúlkum tungumál, útsaum, hekl, þrjón og fleira, en eins og oft var við lýði á þessum tímum gekk aðeins eitt barn úr fjölskyldu í skólann. Þarna var það elsta systir Önnu en hún svo kenndi systur sínum það sem hún lærði þar. Guðrún Borgfjörð segir einnig frá því í sínum æskuminningum, að árið 1870 eða um fermingu, hafi hún verið búin að læra að

hekla og sauma af Kristínu, dóttur Jóns Guðmundssonar ritstjóra og Hólmfríði Björnsdóttur, uppeldisdóttur hans, en þær áttu báðar að vera miklar hannyrðakonur (Elsa E. Guðjónsson, 1997).

Elsti heklaði gripur sem varveist hefur á Íslandi er altarisdúkur með hekludum millibekkjum og heklaðri blúndu ásamt hekludum dúk, en báðir þessir munir eru varðveittir í bændakirkjunni í Bjarnarhöfn. Gripirnir voru saumaðir og gefnir kirkjunni árið 1862 af Ingileif Melsted (f. 1812, d. 1894) í minningu mannsins hennar Páls Melsted amtmanns sem jarðaður var í kirkjunni. (Elsa E. Guðjónsson, 1998). Einhverjir gripir eftir Þóru Melsteð stofnanda Kvennaskólans í Reykjavík eru varðveittir á Þjóðminjasafninu. Hvað skólahald varðar sást hekl fyrst í námskrá Kvennaskólans (Elsa E. Guðjónsson, 1997).

1886 gáfu Jarþrúður Jónsdóttir, Þóra Jónsdóttir og Þóra Pjetursdóttir út *Leiðarvísir til að nema ýmsar kvennlegar hannyrðir*. Það var fyrsta íslenska hannyrðabókin og átti hún stóran þátt í því að bera heklið út á meðal landsmanna. *Heklbókin: valin heklmunstur með leiðbeiningum* var gefin út árið 1948 og virðist hún hafa verið vinsæl meðal kvenna sem lögðu stund á hekl. Sú bók hefur að geyma góðar kennsluteikningar ásamt fjölbreyttum uppskriftum af heklmunstrum. (Anna J. Jónsdóttir og Guðbjörg Þórðardóttir, 1948).

Hekl er kennt í nánast öllum grunnskólum landsins í dag, útgáfa á bókum og kennsluleiðbeiningum í hekli hefur aukist með árunum, samfara auknum vinsældum hekls. Svo virðist sem heklið sé orðið hluti af handverkshefð Íslendinga.

3.4. Hekl í námskrám

Kvennaskólinn í Reykjavík er með elstu skólum landsins en hann var stofnaður 1874 af Þóru Melsteð (áður Grímsdóttur) og eiginmanni hennar sagnfræðingnum Páli Melsteð. Stofnfé skólans var fengið eftir að Frú Þóra hélt hlutaveltu og seldi heklaða gólfmottu eftir sjálfa sig, það er ekki vitað hver fékk mottuna á hlutavelltunni og er ekki vitað til þess að hún hafi varðveist (Elsa E. Guðjónsson, 1998). Skólinn var í upphafi rekinn á heimili þeirra hjóna sem stóð við Austurvöll í Reykjavík en árið 1878 létu þau rífa húsið og byggja þar nýtt og stærra húsnæði sem var áfram í þeirra eigu. Það var ekki fyrr en árið 1909 að Kvennaskólinn

eignaðist sitt eigið húsnæði við Fríkirkjuveg 9 og þar stendur hann enn. Eins og nafnið gefur til kynna var skólinn eingöngu kvennaskóli þar til árið 1977 en þá fékk fyrsti karlkyns nemandinn inngöngu í skólann og í dag er hlutfall karla og kvenna nánast jafnt (Kvennaskólinn í Reykjavík, e.d.) Kvennaskólinn var fyrstur skóla á Íslandi sem hafði hekl á námskránni en eins og áður kom fram var Frú Þóra mikil hannyrða kona.

„ Í Kvennaskólanum var ætíð lögð mikil áhersla á alls konar handavinnu. Var hekl (...) þar á námsskrá frá upphafi, kennt eina stund á viku í þriðja bekk, og var raunar þegar nefnt meðal fyrirhugaðra kennslugreina í frumdrögum um skólann sem birtust á prenti í mars 1871. Má gera ráð fyrir að brautskráðar námsmeyjar, einkum á fyrsta og öðrum áratug skólans, hafi átt aldrjúgan þátt í að breiða kunnáttu á hekli út um landið“ (Elsa E. Guðjónsson, 1997, bls. 76)

Það var ekki fyrr en 1936 sem hannyrðarkennsla var sett inn í lög um barnafræðslu. 1948 voru löggin endurskoðuð og gerð var grein fyrir hvað í henni fólst. „Var þá handmenntum skipt í skólasmíði pílta og handavinnu stúlkna. Stúlkurnar áttu að sauma en drengirnir að vinna með tré.“ (Brynjar Ólafsson, 2009) Hekl er fyrst nefnt í námskrá árið 1960 en þar er tíu og ellefu ára stúlkum gert að læra að hekla (Námskrá, 1960, bls. 53-54). Hekl hefur líklegast verið kennt í einhverjum skólum fyrir 1960 en það var þá sem það var bundið inn í lögbundina kennslu í handmenntum. Hekl er enn hluti af því námsefni sem aðalnámskrá grunnskóla mælir með og er það kennt í einhverri mynd í öllum grunnskólum landsins. Það er mikilvægt að viðhalda því inn í grunnskólanum svo að það tapist ekki líkt og svo margar greinar hafa gert í aldanna rás.

4. Kenningar og kennsluaðferðir í textílmenntum

4.1 Kennsluaðferðir

Að mörgu er að hyggja þegar skipuleggja á kennslu. Kennarinn þarf að búa yfir kunnáttu á því sem á að kenna, vera áhugasamur og hafa drífandi kraft sem hrífur nemendur með sér í náminu. Til þess þarf kennarinn að geta að beitt fjölbreyttum kennsluaðferðum. Mikill fjöldi er til af kennsluaðferðum og í bókinni

Litróf kennsluaðferðanna eru þær skilgreindar „...sem það skipulag sem kennarinn hefur á kennslu sinni, samskiptum við nemendur, viðfangsefnum og námsefni í því skyni að nemendur læri það sem að er keppt.“ (Ingvar Sigurgeirsson, 1999). Textílmenntir byggjast á verklegri kennslu og þarf að huga vel að því að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum til þess að ná fram áhuga og virkni hjá nemendum. Nú verður gerð stuttlega grein fyrir tveimur algengum kennsluaðferðum í verklegri kennslu en skýringarnar eru byggðar á bók Ingvars Sigurgeirssonar *Litróf Kennsluaðferðanna* frá því 1999.

4.1.1. Fyrirlestrar

Innlagnir eru oft að hluta til í formi fyrirlestrar þar sem kennarinn stendur fyrir framan nemendur og kynnir viðfangsefni verkefnisins. Fyrirlestrar er gömul kennsluaðferð og virðist hafa fylgt mannum frá því fyrir Krist og er kennaramiðuð kennsluaðferð þar sem kennarinn talar og nemendurnir hlusta. Til eru þó tvö form af kennsluaðferðum og er hitt formið opnara fyrir þann sem hlustar og kallast þátttökufyrirlestrar. Þess konar fyrirlestarform er meira eins og samræður á milli fyrirlesara og áheyranda en sá síðarnefndi tekur virkan þátt í fyrirlestrinum. Í verklegri kennslu ber þó að varast langa fyrirlestra þar sem að hún er óeinstaklingsmiðuð á þann hátt að ekki er vitað hvaða þekkingu nemandinn býr yfir fyrir.

4.1.2. Sýnikennsla

Sýnikennsla er sú kennsluaðferð sem mest er notuð í verklegri kennslu. En hún byggist á því að kennarinn sýnir aðferðir og vinnubrögð sem verið er að kenna. Til að sýnikennslan verði skilvirk og gagnleg þarf að vanda vel til verks. Skipuleggja þarf kennsluna vel líkt og alla kennslu. Þörf er á að útskýra vel öll hugtökt sem á að notast við sem og allan tækabúnað. Nemandinn þarf að skilja það sem verið er að sýna og bendir Ingvar á mikilvægi þess að kennarinn „hugsi upphátt“ eða „tali við sjálfan sig“ þegar hann er að sýna nemendum. Með því „...sýni kennarinn nemendum hvernig hann hugsar um viðfangsefnið, hvaða vandamál hann er að glíma við á hverju stigi verksins og hvað þarf a varast.“ (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 59).

4.1.3. Að kenna hekl

Þegar hekl er kennt þarf að byrja á að kveikja í nemendum með því að sýna til dæmis fjölbreytileikann sem hekl býður upp á. Miða þarf kennsluverkefnið út frá áhuga og raunveruleika nemendanna sem verið er að kenna hverju sinni. Gott getur verið að skipta nemendum í minni hópa ef að hópurinn er stór því að betra er kenna fáum nemendum hekl í einu. Kennslan verður einstaklingsmiðaðri og persónulegri þegar fáir nemendur eru í hóp. Einnig er auðveldara að sjá til þess að nemendurnir nái því sem kennt er ef að aðeins er um fámennan hóp að ræða. Fara þarf vel í vinnubrögðin í hekli, hvernig beita á heklunálinni og umgengni við efni og kennslustofuna. Einnig þarf að kynna hugtök sem notuð eru í heklinu svo að sýnikennslan gangi snuðrulaust fyrir sig. Gott er að styðjast við ljósmyndir eða teikningar af aðferðunum sem beita á. Með ljósmyndum og sýnikennslunni er miðað út frá því að nemandinn heyri sjái og svo upplifi það sem kenna á. Mikilvægt er að nemendur læri vinnubrögðin vel áður en áfram er haldið svo að vinnan sem á eftir kemur verði auðveldari og svo að nemendur geti unnið sjálfstætt bæði í skólanum og svo heima fyrir. En öll kennsla hlýtur að miða að því að nemandinn taki þekkinguna með sér heim og nýti sér hana í daglegu lífi sínu. Með því að kenna hekl þjálfar nemandinn fínhyfingar og samhæfingu augna og handa. Hann fær í hendurnar aðferðir til að skapa sín eigin persónulegu verk og síðast en alls ekki síst fær hann að upplifa gleðina sem felst í því að sjá eigin kunnáttu verða að verki.

4.2. Kenningar

Margar kenningar um nám hafa verið settar fram í gegnum aldirnar. Hverju má sleppa og hvað má betur fara í menntun barnanna okkar, eru málefni sem snerta okkur flest. Við viljum að börnin okkar alist upp til að verða virkir einstaklingar í nútímasamfélagi, að þau njóti alls hins besta og verði helst fremst á meðal jafninga. Margar kenningar hafa verið settar fram um hvernig megi bestum árangri ná í verklegri kennslu. Flestir kennimenn eru sammála um að auka þurfi verklega kennslu í grunnskólum til að koma til móts við þarfir samfélagsins. Þörfin eftir einstaklingum sem eru skapandi og geta unnið sjálfstætt er mikil í samfélagi þar sem breytingarnar eru hraðar og upplýsingarnar flæða í ómældu efni um netheimana. Hér verður fjallað um tvo kennimenn annarsvegar

samtímamanninn Sir Ken Robinson og svo menntafrömuð 19. aldarinnar, John Dewey. Báðir þessir menn leggja mikið upp úr list- og verkgreinum og telja að það þurfi verulega að auka við slíka kennslu.

4.2.1. Sir Ken Robinson

„Öll börn hafa einstakann hæfileika og við höfum eytt honum, miskunarlaust.”
(Robinson, 2006).

Sir Ken Robinson er einn helsti talsmaður list og verkgreina samtímans. Hann er fæddur í Liverpool 1950 en foreldrar hans voru breskir verkamenn. Hann lauk doktorsgráðu í heimspeki frá háskólanum í London og hefur gengt ýmsum störfum yfir ævina og má þar nefna rithöfundur, prófessor í menntamálum við Warwick háskóla og núna prófessor Emeritus. Hann hefur einnig unnið ráðgjafastörf í þágu menntamála víðs vegar um heiminn (Wikipedia, e.d.). Robinson er drífandi einstaklingur sem hefur gagnrýnar skoðanir á því hvort að menntakerfi nútímans henti einstaklingum framtíðarinnar. Allt nám ætti að stefna að því að búa nemendur undir framtíðar samfélag en hvernig getum við búið þau undir samfélag sem við ekki vitum hvernig verður. Robinson bendir á í fyrirlestir sem hann hélt á TED (Technology, Entertainment, Design) ráðstefnu árið 2006, að allir fæðist með sköpunargáfu en séu menntaðir frá henni. Hann segir að það sé ekki fáir útvaldir sem búi yfir sköpunarkraftinum, heldur sé sköpun fylgjandi allri mannlegri hugsun (Robinson, 2001, bls. 111). Með þetta að leiðarljósi hlýtur markmiðið með kennslunni vera að mennta skapandi einstaklinga sem eiga eftir að búa til samfélag, leysa vanda og verk framtíðar á hagnýtan og skilvirkan hátt. Kenningar hans styðja við kenningar John Deweys um að öll reynsla verði að byggja á fyrri reynslu, en Robinson talar um að það sé nauðsynlegt að ýta undir þá reynslu og kunnáttu sem einstaklingurinn hefur og hvetja hann til að fara ótroðnar slóðir. Kennarar eiga að vera til staðar fyrir nemendur og kenna þeim grunninn en svo á að gefa nemandanum færi á að finna sína eigin leiðir og hvetja hann til þess. Robinson vill meina að menntakerfið leyfi ekki mistök og það sé afar óeðlilegt þar sem að skapandi ferli felur oft í sér margar tilraunir þar til sátt er náð með verkefnið. Við þurfum að leyfa nemendum að gera tilraunir og framkvæma eigin hugmyndir, kennarinn

þarf þó að vera til staðar og leiðbeina nemandanum í sköpunarferlinu.

4.2.2. John Dewey

John Dewey er bandarískur heimspekingur sem hefur sett sitt mark á menntamál nútímans. Kenningar Deweys eru enn við lýði og þykja framúrstefnulegar þrátt fyrir að hafa verið settar fram á síðari hluta 19. aldar og í byrjun 20.aldar. Árið 1890 stofnaði Dewey tilraunaskólann eða *The Laboratory school*, með konu sinni, Alice Chipman. Skólinn stefndi að því að prufa nýjar leiðir í kennslu en hún miðaðist nánast eingöngu við þarfir og áhugamál nemenda. Dewey vildi að skólinn væri samfélagshverfur en það þýðir að „...skólinn skyldi vera lifandi samfélag – samfélag í smækkaðri mynd – þar sem barnið væri virkur þátttakandi.” (Dewey, 2000b). Hann leggur mikið upp úr skynjun nemandans og segir meðal annars að skynjun sem felist í verklegum athugunum og starfi, sé mun sterkari og varanlegri en sú skynjun sem verði í almennu skólakerfi. (Dewey, J. 2000a, bls. 17). Með verklegu námi fær nemandinn oft á tíðum meiri tengingu námsins við raunveruleikann og er það skynjunni að þakka. Nemandinn fær að handfjatla mismunandi efni og verkfæri, fær að skapa og hann nýtir til þess sjón, heyrn og snertingu. Kenningar Deweys eru mjög í anda hugsmíðikenningarinnar en hún snýst um að kennari þurfi að skapa aðstæður til náms, vekja áhuga nemenda á viðfangsefninu, tengi viðfangsefnið við raunveruleikann, vekji forvitni og ýti undir gagnrýna hugsun. (Árdís Ívarsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Matthildur Guðmundsdóttir, 2005). Verkleg kennsla fellur vel að kenningum Deweys og hugsmíðihyggjunnar en báðar þessar kenningar leggja áherslu á að námið sé nemendamiðað þar sem nemandinn sé í brennidepli. Að nemandinn fái að uppgötva og kanna á eigin spýtur, að hann fái að nota til þess það sem Guð gaf honum, líkamann. Kennarinn er sá sem á að styðja við nemandann og vera til staðar þegar nemandanum vantar aðstoð eða upplýsingar. Hafþór Guðjónsson kemur með góða skýringu á því afhverju börnum í leikskóla gengur svo vel að læra um umhverfið sitt, í grein sem hann skrifar í *Netlu – veftímarit um uppeldi og menntun* árið 2002. Þar lýsir hann því hvernig barn lærir um eðli og eiginleika bolta. Fyrst horfir barnið á boltan og handfjaltar hann, kastar honum og sér að hann skoppar. Því næst lærir barnið að boltinn á sér hljóð, nafn og efni (Hafþór

Guðjónsson, 2002). Það er enginn sem stendur yfir barninu og kennir því allt um boltan heldur fær barnið að kanna sjálft og prufa sig áfram. Einhver kom með boltan upphaflega líkt og kennarinn sem kemur með aðferðir inn í verklegu kennsluna. Barnið er forvitið að eðlisfari og við þurfum að ýta undir þessa forvitni svo að barnið verði virkur þátttakandi í eigin upplifun á umhverfi sínu og getu, rétt eins og Dewe bendir á í skrifum sínum um menntamál.

5. Tenging við kennsluheftið *Byrjun í hekli*

Kennsluheftið *Byrjun í hekli* er hægt að nýta til þess að kenna nemendum grunnaðferðir í hekli svo að hann geti í framhaldi af því prufað sig áfram á eigin spýtum. Heftið ýtir undir skynjun nemandans en ljósmyndirnar gera kennsluna myndræna og í kennslunni sjáfrí virkjast snerts kyn og heyrn með því að handfjalta efni og hlusta á kennarann. Kennarinn verður að leyfa nemendum að prófa sig áfram á sínum forsendum og hvetja þá til að beita sköpunarkraftinum sem býr innra með þeim. Rétt eins og barn sem lærir um bolta þarf einstaklingurinn að fá að reyna sjálfur að hekla. Auðvitað er ekki hægt að fylgja kenningum Deweys til fullnustu. Kennarinn þarf að kenna rétt handtök og vinnubrögð. En þegar því er lokið ætti kennarinn að stíga til hliðar að einhverju leiti og vinna fyrir nemandann en ekki nemandinn að vinna fyrir hann. Mistökum á að taka fagnandi því að þannig lærir nemandinn best. Robinson talar um sköpun og skynjun en það er einmitt það sem kennsluheftið á að leiða af sér. „Learning by doing“ einkunarorð Deweys eiga vel við en öll verkleg kennsla styður undir þessa kennisetningu um að árangursríkast sé að nema þegar maður reynir og framkvæmir sjálfur. Með kennsluheftinu fær nemandinn grunnkennslu í hekli og öðlast þar með tækifæri til að skapa eftir eigin áhuga, getu og þörfum.

6. Lokaorð

Markmið með allri kennslu er að móta einstaklinga sem eiga eftir að takast á við framtíðina. Einstaklinga sem eru skapandi og geta unnið sjálfstætt að þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur. Kennsla í grunnskólanum er að breytast og með tilkomu internetsins vita nemendur oft meira en kennarinn. Er það nú orðið hlutverk kennarans að styðja við nemandann í þekkingarleit sinni og gefa honum réttar upplýsingar, vinnuleiðbeiningar og eða viðhorf. Dewey segir að kennslan eigi að fara fram á forsendum nemandans til þess að tengja námið við raunveruleika hans. Aðeins með því að fá nemandann til að sjá tilgang með náminu næst árangur í kennslunni. Kennsla í textílmenntum er mikilvæg til að halda uppi fjölbreyttu skólastarfi. Stór hluti nemenda nýtur sín í list- og verkgreinakennslu og má segja að kennsla þessara greina sé einstaklingsmiðaðri en kennsla í bóklegum greinum. Kennsla list- og verkgreina á undir höggi að sækja í samfélaginu í dag og þá aðalega vegna þess hve kostnaður er talinn vera hár í þessum greinum. Rekstraraðilar rýna í tölur en gæta ekki að samfélagslegum ágóða sem hlýst af menntun í list- og verkgreinum. Ágóðinn af skapandi einstaklingi er ómetanlegur og mælist illa í krónum talið.

Forn Grikkir lögðu mikið upp úr menntun í listum og töldu sköpunina vera komna frá æðri heimum og bera ætti sömu virðingu fyrir þeim eins og öðrum gjöfum Guðanna. Enn í dag er dáðst af kunnáttu þeirra og visku en samt förum við alltaf lengra og lengra frá því að ýta undir sköpun hjá börnunum okkar.

Hekl hefur þann kost að geta ýtt undir skapandi hugsun. Einstaklingur sem lærir að hekla öðlast með því kunnáttu til að nýta á ótrúlega fjölbreyttan hátt. Hekl er ekki lengur eins íhaldssöm grein og áður var. Fleiri og fleiri hekla eftir frjálsum aðferðum með það eitt í huga að ná fram mismunandi áferðum og formi. Kennsla í hekli á vel heima á meðal þeirrar kennslugreina sem geta kennt skapandi hugsun ásamt því að halda tengingunni við fortíðina.

Heimildir

Anna J. Jónsdóttir og Guðbjörg Þórðardóttir. (1948). *Heklbókin: valin heklmunstur með leiðbeiningum*. Reykjavík: Handavinnuútgáfan.

Árdís Ívarsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Matthildur Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi* (bls. 15-16). Reykjavík: HÁM

Elsa E. Guðjónsson. (1997). Um hekl á Íslandi. Í Mjöll Snæsdóttir (ritstjóri), *Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags 1995* (bls. 75-84). Reykjavík: Hið Íslenska Fornleifafélag.

Elsa E. Guðjónsson. (1998). Viðbætur við „Um hekl á Íslandi“ Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags 1995, Í Mjöll Snæsdóttir (ritstjóri), *Árbók Hins Íslenska fornleifafélags 1996-1997* (bls. 127-128). Reykjavík: Hið Íslenska Fornleifafélag.

Dewey, J. (2000a). *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands.

Dewey, J. (2000b). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1938).

Hafþór Guðjónsson. (2002, 18. desember). *Hvert stefnir? Hvað fór úrskeiðis?*. Sótt 27. apríl 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2002/017/index.htm>

Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluáferðanna*. Reykjavík : Æskan ehf.

Jarðþr. Jónsdóttir, Þóra Jónsdóttir og Þóra Pjetursdóttir. (1886). *Leiðarvísir til að nema ýmsar kvennlegar hannyrðir*. Reykjavík. (Endurútgefið á Akureyri, 1999)

Keim, C. og Werker, K.P. (2006). *Teach Yourself VISUALLY Crocheting*. New Jersey: Wiley Publishing, Inc.

Kvennaskólinn í Reykjavík. (e.d.) *Ágrip af sögu skólans*. Sótt 2. desember 2010 af <http://www.kvenno.is/pages/18>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá Grunnskóla - Listgreinahluti*.

Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið. (1960). *Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri*.

Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Robinson, S.K. (2001). *Out of our minds: Learning to be creative*. Great Britain:

Capstone Publishing Limited (a Wiley Company)

Robinson, S. K. (fyrirlesari). (2006). *Do schools kill creativity*. (Myndband) Sótt 15.

mars 2011 af

http://www.ted.com/talks/ken_robinson_says_schools_kill_creativity.html

Taimina, D. (2009). *Crocheting Adventures with Hyperbolic Planes*. Wellesley,

MA: A K Peters, Ltd.

Wikipedia, the free encyclopedia. (e.d.) *Sir Ken Robinson (British author)*. Sótt 28.

apríl 2011 af [http://en.wikipedia.org/wiki/Ken_Robinson_\(British_author\)](http://en.wikipedia.org/wiki/Ken_Robinson_(British_author)).